



VÖKTUN Á LÍFRÍKI OG VATNSGÆÐUM ÞINGVALLAVATNS

Gagnaskýrsla fyrir árið 2007

Verkþáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol

Unnið fyrir Umhverfisstofnun, Þjóðgarðinn á Þingvöllum,
Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 2-08



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Hamraborg 6a - 200 Kópavogur - natkop.is

VÖKTUN Á LÍFRÍKI OG VATNSGÆÐUM ÞINGVALLAVATNS

Gagnaskýrsla fyrir árið 2007

Verkþáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol

Unnið fyrir Umhverfisstofnun, Þjóðgarðinn á Þingvöllum,
Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 2-08



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Hamraborg 6a - 200 Kópavogur - natkop.is

Ágrip

Árið 2007 hófst vöktunarverkefni á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns á vegum Umhverfisstofnunar, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Vöktuninni er skipt í þrjá meginverkhætti og sér Náttúrufræðistofa Kópavogs um verkþátt nr. 2 sem beinist að lífríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbol vatnsins. Árið 2007 var gagna aflað í maí, júní, ágúst og október á þremur stöðvum í vatninu. Framkvæmd verkefnisins gekk samkvæmt áætlun.

Vatnshiti mældist 3,6–10,7 °C yfir allt tímabilið. Vatnið var lagskipt í júlí–ágúst og voru hitaskil á 20–25 m dýpi. Vatnshitinn var um 10,5 °C í efra laginu og 8,5 °C í því neðra. Í maí og október var vatnið blandað frá yfirborði og niður á botn. Sýrustig mældist 7,6–8,6 pH og uppleyst súrefni 12,7–17,4 mgO₂/l og að meðaltali 14,4 mg O₂/l (± 0,10 st.sk.). Súrefnismettun var mikil, 97–147% og að meðaltali 120% (± 1,14). Rafleiðni mældist 67–77 µS/cm og 72 µS/cm (± 0,25) að meðaltali yfir allt tímabilið.

Styrkur fosfórs (Tot-P), fosfats (PO₄-P), köfnunarefnis (Tot-N) og lífræns kolefnis (TOC) var lítill og undir viðmiðunarmörkum fyrir lítt eða ósnortið vatn skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þingvallavatn fellur því í ástandsflokk A m.t.t. þessara efna í samræmi við reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Hér ber þó að hafa í huga að efnin voru aðeins mæld í eitt skipti. Styrkur fosfats og nitrats árið 2007 var mjög svipaður því sem mældist árið 1975.

Greindar voru 52 tegundir og hópar af svifþörungum. Kísilþörungar voru ríkjandi með fjöldahlutdeild 34–98% og 84% að meðaltali og lífþyngdarhlutdeild 31–99,5% og 73% að meðaltali. Langalgengastar voru hinar stórvöxnu tegundir *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica* (O. Müller) og *Asterionella formosa* og er það í samræmi við eldri gögn. Magn blaðgrænu-a var 0,45–5,52 µg/l yfir allt tímabilið og svipaði til þess sem mældist 1974–75, 1979 og 1981–82. Langmest var af þörungasvifinu í október en minnst í júní og ágúst og endurspegladist þetta í rýni vatnsins, sem mældist 5,0–12,0 m á öllu tímabilinu en mest í ágúst (10,3 ± 0,19 m) þegar minnst var af þörungasvifi og langminnst í október (5,8 ± 0,13 m) þegar þörungasvif var mest. Framangreint munstur fellur vel að eldri svifþörungamælingum og staðfestir að frumframleiðsla í Þingvallavatni er tvítoppa með háumörkum um vor og haust.

Greindar voru sex tegundir og af svifkröbbum, þ.e. vatnaflærnar *Alonella nana*, *Bosmina coregonii*, *Chydorus sphaericus* og *Daphnia galeata*, og árfætlurnar *Diaptomus* og *Cyclops*. Langmest var af svifkröbbunum í ágúst og október, 54–64 dýr/10 l, en mun minna í maí og júní, 2–8 dýr/10 l. Þrjár tegundir voru allsráðandi í ágúst og október, *D. galeata*, *Diaptomus* og *Bosmina coregonii*. Af þyrildýrum greindust 12 ættkvíslir og hópar og mest áberandi var tegundin *Polyarthra* sem stemmir við fyrri rannsóknir. Heildarþéttleiki þyrildýra yfir allt tímabilið var að meðaltali á bilinu 217 dýr/10 l (júní) til 433 dýr/10 l (október).

Á heildina litið bendir flest til þess að ástand Þingvallavatns árið 2007 m.t.t. efna- og eðlisþátta og þörung- og dýrasvifs úti í vatnsbolnum sé mjög gott og svipað því sem var fyrir um 30 árum.

Summary

Þingvallavatn is the largest lake in Iceland (84 km², mean depth 35 m), a cold, spring-fed, oligotrophic rift lake of high conservational value. In 2007 a monitoring programme was started to assess chemical and biological quality of the lake. The programme is run by The Environment Agency (Umhverfisstofnun), The Thingvellir National Park (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum), Reykjavík Energy (Orkuveita Reykjavíkur) and The National Power Company (Landsvirkjun).

There are three major work tasks in the programme: 1) Physico- chemical factors in inlet and outlet water, executed by Institute of Earth Sciences (Jarðvísindastofnun), 2) Biological and physico- chemical factors in the pelagic habitat, executed by Natural History Museum of Kópavogur (Náttúrufræðistofa Kópavogs) and 3) Fish populations, executed by Freshwater Fisheries Institute (Veiðimálastofnun). In this report, results are given for the first year of sampling, 2007, in work task no. 2.

Lake temperature measured 3.6–10.7 °C for the whole period, being highest in August (9.7 ± 0.19 °C, mean ± s.e.m.) and lowest in May (3.8 ± 0.04 °C). A thermocline was present at 20–25 m depth in July and August with ca. 10.5 °C in the euphotic zone and ca. 8.5 °C below. pH measured 7.6–8.6, dissolved oxygen 12.7–17.4 mg O₂/l (14.4 ± 0.10 mg O₂/l) and oxygen saturation was 97–147% O₂ (120% ± 1.14). Conductivity measured 67–77 µS/cm (72 ± 0.25 µS/cm). Nutrients (measured in unsieved water samples) were low in concentrations; Tot-P (11 ± 0.3 µg/l), PO₄-P (8 ± 0.3 µg/l), Tot-N (38 ± 2.4 µg/l) and TOC (0.25 ± 0.05 mg/l).

In all, 52 species and species groups of phytoplankton were identified. Diatoms were far the most dominant group, with a mean contribution by number of 84% (34–98%) and a mean contribution by biomass of 73% (31–99.5%). *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica* (O. Müller) and *Asterionella formosa* were by far the most common species. Chlorophyll-a measured 0.45–5.52 µg/l for the whole period, with a distinct peak in October and a low in June and August. The chlorophyll pattern was reflected in transparency, with Secchi depth measuring 5.0–12.0 m for the whole period, highest in August (10.3 ± 0.19 m) and lowest in October (5.8 ± 0.13 m).

Six species and genres were identified of crustacean zooplankton; *Alonella nana*, *Bosmina coregonii*, *Chydorus sphaericus*, *Daphnia galeata*, *Diaptomus* sp. and *Cyclops* sp. Densities were low in May and June (2–8 ind./10 l) but relatively high in August and October (54–64 ind./10 l), with *D. galeata*, *Diaptomus* sp. and *Bosmina coregonii* as dominant species. Among rotifers, 12 genres and species groups were identified, with *Polyarthra* sp. as the far most abundant species. Total densities of rotifers ranged from a geometric mean of 217 ind./10 l in June to 433 ind./10 l in October.

To sum up, water quality was high in the pelagic habitat of Lake Þingvallavatn in 2007 regarding physico- chemical parameters, phytoplankton and zooplankton, complying with pristine conditions (category A) as required and stated in reg. no. 650/2006 for the protection of water quality and biota of Þingvallavatn. The results from 2007 comply in general with results as measured in Þingvallavatn for ca. 30 years ago.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Summary	5
Myndaskrá.....	7
Töfluskra	7
1. Inngangur.....	8
2. Efni og aðferðir	9
2.1 Efna- og eðlisþættir	10
2.2 Þörungasvif.....	11
2.2.1 Tegundasamsetning	11
2.2.2 Blágræna-a.....	11
2.3 Dýrasvif	12
2.4 Murta	12
3. Niðurstöður og umræður	14
3.1 Efna- og eðlisþættir	14
3.2 Þörungasvif.....	26
3.3 Dýrasvif	32
4. Murta	35
5. Heimildir	36

Myndaskrá

Mynd 1.	Sýna- og mælistöðvar vegna vöktunar í Þingvallavatni	10
Mynd 2a.	Vatnshiti á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	15
Mynd 2b.	Sýrustig á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	16
Mynd 2c.	Uppleyst súrefni á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	17
Mynd 2d.	Súrefnismettun á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	18
Mynd 2e.	Rafleiðni á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni	19
Mynd 3.	Rýni í Þingvallavatni árið 2007	24
Mynd 4.	Rýni í Þingvallavatni 1974–79 og 1981–82 og árið 2007	24
Mynd 5.	Fjöldahlutdeild fjögurra helstu þörungahópa í Þingvallavatni	27
Mynd 6.	Pungahlutdeild fjögurra helstu þörungahópa í Þingvallavatni	27

Töfluskrá

Tafla 1.	Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar	9
Tafla 2.	Skilgreiningar fyrir mat á kynþroskastigi bleikju	13
Tafla 3a.	Mælingar framkvæmdar 14. maí 2007 á efna- og eðlisþáttum	20
Tafla 3b.	Mælingar framkvæmdar 29. júní 2007 á efna- og eðlisþáttum	21
Tafla 3c.	Mælingar framkvæmdar 28. ágúst 2007 á efna- og eðlisþáttum	22
Tafla 3d.	Mælingar framkvæmdar 8. október 2007 á efna- og eðlisþáttum	23
Tafla 4a.	Niðurstöður efnamælinga (næringarefni o.fl.) 28. ágúst 2007 á stöð 2	25
Tafla 4b.	Niðurstöður efnamælinga (málmar o.fl.) 28. ágúst 2007 á stöð 2	25
Tafla 5.	Magn blaðgrænu-a í Þingvallavatni	26
Tafla 6a.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2, 14. maí 2007	28
Tafla 6b.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2, 29. júní 2007	29
Tafla 6c.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2, 28. ágúst 2007	30
Tafla 6d.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2, 8. október 2007	31
Tafla 7.	Tegundasamsetning krabbadýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2007	33
Tafla 8.	Tegundasamsetning þyrildýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2007	34
Tafla 9.	Skipting afla í murtuveiði í Þingvallavatni 10.–11. október 2007	35

1. Inngangur

Vorið 2007 gerðu Umhverfisstofnun, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun með sér samkomulag og samstarfssamning um vöktun á lífríki og efna- og eðlisþáttum í Þingvallavatni (Samstarfssamningur 2007, Samkomulag 2007). Vöktunin nær til lykilorða í lífríki og efna- og eðilsfræði vatnsins og lítið er svo á að hún sé mikilvægt tæki til verndunar á vistkerfi Þingvallavatns.

Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og breytingar sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum vegna hugsanlegra álagspáttá, jafnt af mannlegum sem náttúrulegum toga. Á meðal álagspáttá sem horft er til í þessu sambandi eru ofauðgun næringarefna, vatnsmiðlun, mengunaróhöpp og loftslagshlýnun.

Um Þingvallavatn og gilda lög ásamt reglugerð sem skírskota sérstaklega til verndunar á vatninu og vatnasviði þess. Þetta eru lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Vöktunin felur í sér endurteknar, staðlaðar athuganir til margra ára í því augnamiði að greina hugsanlegar breytingar á ástandi lykilorða í vistkerfinu yfir lengri tíma. Notagildi gagnagrunnsins mun því aukast jafnt og þétt eftir því sem árin líða og gögn safnast fyrir. Vöktunin kemur ekki í stað grunnrannsókna eða stakra rannsóknaverkefna þar sem fengist er við afmarkað viðfangsefni.

Vöktuninni er skipt í þrjá meginverkpætti og um hvern verkþátt sér framkvæmdaraðili í samræmi við þar að lútandi samning. Verkþættir og framkvæmdaraðilar á fyrsta ári vöktunarinnar (sýnataka á árinu 2007) eru eftirfarandi:

1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli. Jarðvísindastofnun Háskólans.
2. Lífríkis- og efna- og eðlisþættir í vatnsbol. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
3. Fiskistofnar. Veiðimálastofnun.

Fyrir vöktunarverkefninu fer verkefnisstjórn sem skipuð er einum manni frá hverjum framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun er umsýsluaðili verkefnisins og sér um fjárhagslega umsýslu verkefna sem beinast að vöktun Þingvallavatns. Verkefnisstjórn ræður einn verkefnisstjóra sem hefur faglega þekkingu á lífríki Þingvallavatns. Verkefnisstjóri vöktunarverkefna fyrir árið 2007 var Hilmar J. Malmquist, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Í þessari gagnaskýrslu er gerð grein fyrir framvindu og niðurstöðum í verkþætti nr. 2 um lífríki og efna- og eðlisþætti í vatnsbol Þingvallavatns sem Náttúrufræðistofa Kópavogs sá um, en fyrsta sýnataka í verkþættinum fór fram vorið 2007. Fjallað verður um alla þrjá verkþætti vöktunarinnar innan tíðar í sérstakri áfangaskýrslu.

2. Efni og aðferðir

Á fyrsta ári vöktunarverkefnisins í Þingvallavatni sá Náttúrufræðistofa Kópavogs um verkþátt nr. 2 sem tekur til þörung- og dýrasvifs, auk efna- og eðlisþátta úti í vatnsbol vatnsins. Náttúrufræðistofan kemur einnig að verkþætti nr. 3 ásamt Veidimálastofnun, m.a. með sýnatöku á murtu á haustin.


Í töflu 1 er gefið yfirlit yfir framkvæmd sýnatöku og mælinga á árinu 2007. Sýnastöðvar voru þrjár talsins (mynd 1) og sýni tekin á þremur dýpum á hverri stöð, 1 m, 5 m og 25 m dýpi (tafla 1).

Alls voru farnar fimm vettvangsferðir á árinu (tafla 1). Fjórar ferðir voru farnar í maí, júní, ágúst og október vegna mælinga á efna- og eðlisþáttum og sýnatöku á þörungum og dýrasvifi. Þá var ein ferð farin í október til sýnatöku á murtu.

Framangreind verk- og tímaáætlun með sýnatöku og mælingum á mismunandi árstíma, dýpi og stöðum í vatninu miðar að því m.a. að varpa ljósi á breytileika í þáttunum sem fylgst er með. Í framtíðinni er reiknað með að vöktunina megi einfalda, a.m.k. hvað varðar fjölda stöðva og dýpis.

Tafla 1. Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2007. Tíðni segir til um fjölda sýnatökufærða á árinu.

Tegund sýnis	Mælibreytur	Stöð 1			Stöð 2			Stöð 3			Tíðni
		1 m	5 m	25 m	1 m	5 m	25 m	1 m	5 m	25 m	
Þörungasvif											
Síuð sýni 9 lítrar, 45 µm	Tegundagreining og talning	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
Ósíuð sýni 3 lítrar	Tegundagreining og talning				X	X	X				4
Ósíuð sýni 1 lítri	Blaðgræna-a	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
Dýrasvif											
Síuð sýni 10 lítrar, 45 µm	Tegundagreining og talning	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
Eðlisþættir											
Fjölþáttamælir	Vatnshiti	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
	Sýrustig	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
	Rafleiðni	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
	Súrefni	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
	Rýni	X	X	X	X	X	X	X	X	X	4
Fiskur – murta											
Rannsóknnetveiði og bændanet	Lengd, þyngd og aldur										1



Mynd 1. Sýna- og mælistöðvar vegna vöktunar í Þingvallavatni. Stöðvar nr. 1 ($64^{\circ}13,64' 21^{\circ}07,53'$), 2 ($64^{\circ}11,52' 21^{\circ}08,60'$) og 3 ($64^{\circ}09,11' 21^{\circ}04,73'$) í rauðum lit eru á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Stöðvar í svörtum lit (írennsli og útfall) eru á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans.

2.1 Efna- og eðlisþættir

Mælingar á efna- og eðlisþáttum voru framkvæmdar á staðnum með fjölþáttamæli af gerðinni YSI 650MDS/6600 og notast við rúmlega 50 m langan kapal. Mælt var á dýptarsniðum frá yfirborði og niður að botni (stöðvar 1 og 2) eða niður á um 50 m dýpi (stöð 3). Eftirfarandi breytur voru mældar: vatnshiti ($0,01^{\circ} \text{C}$ upplausn, $\pm 0,15^{\circ} \text{C}$ mælinákvæmni), sýrustig ($0,01 \text{ pH}$, $\pm 0,2 \text{ pH}$), rafleiðni ($1 \mu\text{S}/\text{cm}$, $\pm 0,5\%$), uppleyst súrefni ($0,01 \text{ mg O}_2/\text{l}$, $\pm 0,2\%$) og súrefnismettun ($0,1\%$, $\pm 2\%$).

Rýni (sjóndýpi, skyggni) í vatninu var mælt á hefðbundinn hátt með hvítum Secchi disk, 30 cm í þvermál. Rýni (m) var skráð á hverri stöð sem meðaltal sex mælinga (mælt þegar diskurinn hvarf sjónum við að síga niður og þegar hann birtist aftur þegar hann var dreginn upp). Náíð samband er á milli rýnis og þörungamagns.

Í ágúst var bætt við sýnatöku á vatnssýnum til efnagreiningar. Vatnssýni voru tekin á stöð 2 á 1 m, 5 m og 25 m dýpi með því að stútfylla 1,0 l plastflöskur. Ílátin voru fyrst skoluð með 0,1 N HCl og síðan með vatni á staðnum. Sýnin voru höfð í kælikassa í mesta lagi í sex klst. þar til þau voru fryst (-20°C) og síðar send til efnagreiningar hjá Norsk institutt for vannforskning (NIVA) í Osló. Efnagreiningarnar voru gerðar á ósíuðum sýnum. Eftirfarandi breytur voru mældar hjá NIVA: grugg (TURB860), heildarmagn fosfórs (Tot-P/L), fosfat ($\text{PO}_4\text{-P}$), heildarmagn köfnunarefnis (Tot-N/L), ammóníak ($\text{NH}_4\text{-N}$), nítat ($\text{NO}_3\text{-N}$), heildarmagn lífræns kolefnis (TOC), klór (Cl), sulfat (SO_4), flúor (F), ál (Al/r, Al/II, Al/ICP), kalsíum (Ca), járn (Fe/ICP), kalíum (K), magnesíum (Mg) og natríum (Na). Upplýsingar um aðferðafræði og mælinákvæmni við efnagreiningarnar eru að finna í riti á vegum NIVA (NIVA 2004).

2.2 Þörungasvif

2.2.1 Tegundasamsetning

Sýni fyrir greiningu og talningu á sviflægum þörungum voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á þremur dýpum á hverri stöð (1 m, 5 m og 25 m dýpi, tafla 1). Tekið var 10 l sýni og 9 l síaðir í gegnum 45 μm sigti og það sem eftir sat í sigtinu hirt til tegundagreiningar og talningar. Á stöð 2 var jafnframt tekið annað 10 l sýni á hverju dýpi og af því hirtir 3 l sem voru varðveittir ósíaðir til tegundagreiningar og talningar. Öll sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta 10% Lugol lausn úti í þau.

Tilgangurinn með samhliða sýnatöku á síuðum og ósíuðum sýnum á stöð 2 var að kanna áhrif síunar (netmöskva) á niðurstöður tegundagreiningar og magn þörunga. Tegundasamsetning þörunga endurspeglar m.a. næringarefnaástand í vatninu og skiptir miklu mál sem fæða fyrir dýrasvif vatnsins.

Tegundagreining og talning á þörungasýnunum fór fram hjá Bio-limno Research & Consulting, Inc., í Halifax, Kanada. Við úrvinnslu sýna var beitt hefðbundnum greiningaraðferðum með *Utermö hl* útfellingu á hlutsýnum og smásjárskoðun (inverted, phase contrast Zeiss Axiovert 40 CFL microscope). Þörungaeiningar (stakar frumur, þræðir og sambýli) voru taldar á sniðum völdum á tilviljanakenndan hátt. Að lágmarki 400 þörungaeiningar voru taldar í hverju sýni og langflestar við 500-falda stækkun. Votvigt var reiknuð út frá mældum fjölda og mati á rúmmáli (specific biovolume) samkvæmt rúmfræðilegri lögum (Rott 1981) og eðlisþyngdinni 1,0. Rúmmál hverrar tegundar var metið út frá meðalstærð á 10–15 einstaklingum. Rúmmál sambýlistegunda var byggt á fjölda einstaklinga í sambýli. Allir útreikningar á þéttleika og þyngd voru gerðar samkvæmt tölvuforriti Hamiltons (Hamilton 1990).

Við tegundagreiningu var aðallega stuðst við eftirfarandi heimildir: Geitler (1932), Anton og Duthie (1981), Findlay og Kling (1976), Huber-Pestalozzi (1961, 1972, 1982, 1983), Tikkanen (1986), Prescott (1982), Whitford og Schumacher (1984), Starmach (1985), Krammer og Lange-Bertalot (1986, 1988, 1991a, b), Wehr og Sheath (2003) og Komàrek og Anagnostidis (1998, 2005).

2.2.2 Blaðgræna-a

Mælingar á magni blaðgrænu-a veita upplýsingar um magn frumframleiðenda (þörungasvif) og endurspeglar jafnframt næringarefnaástand í vatninu og fæðuframboð fyrir dýrasvif sem murtan étur.

Sýni til mælinga á magni blaðgrænu-a voru tekin með 10 l vatnssýnataka á þremur dýpum á hverri stöð (1 m, 5 m og 25 m dýpi, tafla 1) og 1 l hlutsýni hirt til mælinga. Sýnin voru höfð í kæli (~ 5° C) í 5–12 klst., þá síuð á Whatman GF/C síupappír (Cat No 1822 047), síupappírinn frystur og blaðgrænan mæld síðar. Til að leysa blaðgrænuna úr sýninu var síupappírinn lagður í 96% etanól og hafður í myrkri í kælikáp í 24 klst. Blaðgræna-a var mæld við bylgjulengdina 665 nm með ljósgleypnimæli (HACH, DR 5000) á Veiðimálastofnun.

Heildarmagn blaðgrænu-a (Blaðgræna-a, µg/l) var reiknað samkvæmt jöfnunni

$$\text{Blaðgræna-a } (\mu\text{g/l}) = (\text{Abs.}_{(665-750\text{nm})} * L * 10^3) / 83,4 * V$$

þar sem *Abs.* (665–750 nm) er ljósgleypni við 665 nm að frádreginni ljósgleypni við 750 nm, *L* er rúmmál (ml) leysnivökva (etanóls) á síupappír, 83,4 er ljósgleypnistuðull fyrir etanól og *V* er rúmmál (l) sýnisins sem síað var (sjá Sønndergaard og Riemann 1979 bls. 171).

2.3 Dýrasvif

Sýni fyrir greiningu og talningu á dýrasvifi voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á þremur dýpum á hverri stöð (1 m, 5 m og 25 m dýpi, tafla 1). Hvert 10 l sýni var síað í gegnum 45 µm sigti og það sem eftir sat í sigtinu hirt til tegundagreiningar og talningar. Sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta 0,5-2 ml af 10% Lugol lausn úti í þau.

Svifdýrasýnin voru skoðuð í kvörðuðu íláti undir víðsjá af gerðinni Olympus SZX12 við 7–90-falda stækkun. Við fíngreiningar (100–400-falda stækkun) var notuð smásjá af gerðinni Olympus CX 41. Krabbadýr voru talin og greind til tegunda og ættkvísla. Fjöldi krabbadýra í sýnunum var að jafnaði lítill og því voru allir einstaklingar greindir. Stuðst var við ýmsa greiningarlykla en aðallega hefti í ritröðinni *Guides to the Identification of the Microinvertebrates of the Continental Waters of the World* (Benzie 2005) og *Fauna Iberica*, Vol. 7 (Alonso 1996).

2.4 Murta

Murtan er langalgengasta bleikjuafbrigðið í Þingvallavatni og gegnir lykilhlutverki í svifvistinni.

Fylgst hefur verið með murtustofninum árlega síðan 1983, lengst af í samvinnu milli Líffræðistofnunar Háskólans og Náttúrufræðistofu Kópavogs (Sigurður S. Snorrason o.fl. 1984, 1992, 1994, 2002). Aðferðafræði síðastnefndu rannsóknar er lögð til grundvallar vöktuninni sem hér um ræðir.

Sýnishorn er tekið úr murtustofninum með netveiði um mánaðamótin september–október þegar murtan gengur á grunn til hrygningar. Veitt hefur verið í eitt margmökva lagnet, 30 m á lengd og 3 m á hæð, með möskvastærðunum 10, 12,5, 15,5, 19 og 24 mm (legg í legg), þar sem hver möskvi er 6 m á lengd. Þessi möskvasamsetning á að gefa góðan þverskurð af stærðar- og aldurssamsetningu hjá hrygningarfiskinum. Lagt hefur verið út af Svínanesi í landi Mjóaness (mynd 1) á 2–5 m dýpi og netið legið yfir nótt í u.þ.b. 12 klst.

Afli í net er skráður m.t.t. fiskitegunda (bleikja, urriði) og fjölda einstaklinga eftir bleikjuafbrigðum (murtan, dverg-, kuðunga- og sílableikja). Fjöldi einstaklinga er jafnframt skráður eftir möskvastærð. Aflaskráningin býður upp á að reikna út á einfaldan og grófan hátt nokkurs konar metil á hlutfallslega stofnstærð, þ.e. afli á sóknareiningu (catch per unit effort, cpue: fjöldi fiska/net/klst.).

Auk framangreindra atriða eru eftirfarandi atriði skráð og mæld á murtuúrtaki (um 100 fiskar úr hverri möskvastærð) sem valið er að handahófi: lengd (klauflengd, mælt að næsta 0,5 cm frá snoppu í miðja sporðsýlingu), votvigt (óslægður fiskur mældur að næsta 1,0 g), kyn, kynþroski og aldur (lestur áhringja í kvörnum). Fiskar sem eru umfram þetta úrtak eru lengdarmældir og vegnir.

Við mat á kynþroskastigi murtu (tafla 2) er byggt á lýsingu Dahl (1917) og Sigurði S. Snorrasyni o.fl. (1984). Fiskur á kynþroskastigi 4 er skilgreindur sem kynþroska fiskur. Kynþroskastig 7 er ávallt á sniðinu $7/x$, þar sem x leikur á bilinu stig 2 til stig 7. Hænga sem hafa sætt á árum áður má þekkja á því að svilin ná alla leið aftur að rauf. Svilin eru auk þess oft gulgrá á lit og æðar áberandi. Hrygnur sem gotið hafa áður má þekkja á mjög breytilegri hrognastærð og að hrognasekkur er lengri en hálf líkamshol.

Tafla 2. Skilgreiningar fyrir mat á kynþroskastigi bleikju. Stuðst er við lýsingu í Dahl (1917) og Sigurði S. Snorrasyni o.fl. (1984).

Stig	Hængar (Male, M)	Hrygnur (Female, F)
1	Þunnur strengur, lítill vefur.	Þunnur, stuttur (> 1/2 líkamshol) strengur. Hrogn afar lítil.
2	Framhluti strengs eilítið sverari en aftari	Strengur stuttur (> 1/2 líkamshol), sverari en í nr. 1. Hrogn á við tituprjónshaus.
3	Strengur sver, ógreinóttur. Getur náð alla leið aftur.	Hrogn 2–5 mm.
4	Þykkur, hvítur og greinóttur strengur alla leið aftur.	Hrongasekkur fyllir út í líkamshol. Hrogn > 4 mm.
5	Rennandi svil.	Hrogn laus, himna að rifna.
6	Sæðandi.	Hrygnandi.
7	Búinn/sætt áður.	Búin/hrygnt áður (res. roes).

3. Niðurstöður og umræður

3.1 Efna- og eðlisþættir


Vatnshiti mældist 3,6–10,7 °C yfir allt tímabilið (mynd 2a, töflur 3a–d). Hitastig var áþekkt á öllum þremur stöðvunum en í maí var hann þó marktækt lægri á stöð 3 en á stöð 1 og 2 ($F_{2,26} = 16,65$, $r = 0,75$, $p < 0,001$). Þessu var öfugt farið í október en þá var vatnshitinn marktækt hærri á stöð 3 en á hinum stöðvunum tveimur ($F_{2,26} = 65,32$, $r = 0,91$, $p < 0,001$). Þessi munur kann að stafa af áhrifum af innstreymi lindavatns í norðurhluta vatnsins.

Á mynd 2a má sjá að allgreinileg hitaskil höfðu myndast í vatninu í ágúst á um 20 m dýpi. Á u.þ.b. 5 m kafla (20–25 m dýpi) féll hitinn allskarpt eða um 1 °C. Vísir að lagskiptingunni var þegar farinn að myndast síðla í júní. Í mælingunni í ágúst var um 2 °C munur milli hitaaganna og var vatnshitinn um 10,5 °C í efra laginu (ljóstíllífunarlaginu) og 8,5 °C í neðra laginu. Vatnshitaferlarnir í maí og einkum október bera þess merki að hitaskilin voru ekki til staðar og að vatnið var meira eða minna blandað frá yfirborði og niður á botn.


Sýrustig mældist 7,6–8,6 yfir allt tímabilið. Jafnan var sýrustig hæst nyrst í vatninu á stöð 1 og lægst syðst í vatninu á stöð 3 ($F_{2,120} = 12,11$, $r = 0,41$, $p < 0,001$). Þessarar tilhneigingar gætti alla mælidagana en skýrastur var munurinn í október ($F_{2,27} = 30,49$, $r = 0,83$, $p < 0,001$). Á öllum stöðvum var sýrustig hæst í maí ($8,1 \pm 0,04$ pH) og lægst í október ($7,9 \pm 0,04$ pH) og lækkaði sýrustig marktækt frá vori og fram á haust ($R = -0,45$ (ft. = 121, $p < 0,01$). Í júní og ágúst örlaði á lagskiptingu í sýrustigi á u.þ.b. 25 m dýpi, einkanlega á stöð 2 og 3 (mynd 2b), og stemmir það við hitaskilin sem mynduðust í vatninu á þessum tíma.

Uppleyst súrefni mældist iðulega mjög hátt, eða 12,7–17,4 mg/l og að meðaltali 14,4 mg/l ($\pm 0,10$) á öllum stöðvum samanlagt yfir allt tímabilið ($n = 123$). Súrefnismettunin var á bilinu 97–147% og að meðaltali 120% ($\pm 1,14$) sem er mikil mettnun. Hvorki var um að ræða marktækan mun milli stöðva í uppleystu súrefni ($F_{2,120} = 1,83$, $r = 0,17$, $p = 0,166$) né í súrefnismettun ($F_{2,120} = 1,29$, $r = 0,15$, $p = 0,280$). Báðar súrefnisbreyturnar hækkuðu marktækt frá vori og fram á haust (uppleyst súrefni: $R = 0,74$, ft. = 121, $p < 0,01$, súrefnismettun: $R = 0,86$, ft. = 121, $p < 0,01$) og skar október sig úr með langhæstu gildin í báðum breytunum (uppleyst súrefni: $F_{3,119} = 62,61$, $r = 0,78$, $p < 0,001$; súrefnismettun: $F_{3,119} = 121,64$, $r = 0,87$, $p < 0,001$). Í júní og einkum þó ágúst gætti augljóslega lagskiptingar í súrefnismettuninni á 20–25 m dýpi á öllum stöðvunum (mynd 2d). Þetta munstur endurspeglar hitaskilin sem voru í vatninu á þessum tíma.


Rafleiðni mældist á bilinu 67–77 $\mu\text{S}/\text{cm}$ og 72 ($\pm 0,25$) $\mu\text{S}/\text{cm}$ að meðaltali yfir allt tímabilið. Ekki var um marktækan mun að ræða í rafleiðninni milli stöðvanna þriggja ($F_{2,120} = 2,71$, $r = 0,21$, $p = 0,071$). Jafnframt breyttist rafleiðnin nánast ekki neitt m.t.t. dýpis (mynd 2e). Aftur á móti breyttist rafleiðnin mjög marktækt eftir mældögum ($F_{3,119} = 415,71$, $r = 0,96$, $p < 0,001$) og var hún hæst í ágúst ($76 \pm 0,07$ $\mu\text{S}/\text{cm}$) en lægst í júní ($69 \pm 0,16$ $\mu\text{S}/\text{cm}$).




Mynd 2a. Vatnshiti (°C) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni vegna vöktunar árið 2007.




Mynd 2b. Sýrustig (pH) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni vegna vöktunar árið 2007.



Mynd 2c. Uppleyst súrefni ($\text{mg O}_2/\text{l}$) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni vegna vöktunar árið 2007.



Mynd 2d. Súrefnismettun (% O₂) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni vegna vöktunar árið 2007.



Mynd 2e. Rafleiðni ($\mu\text{S/cm}$) á stöðvum 1, 2 og 3 í Þingvallavatni vegna vöktunar árið 2007. Gildin eru leiðrétt fyrir 25 °C.

Tafla 3a. Mælingar framkvæmdar 14. maí 2007 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,1	4,1	71	8,6	104,4	13,7	9,2
1	5,1	4,0	71	8,4	102,1	13,4	8,0
1	10,0	3,9	71	8,3	101,8	13,4	8,5
1	15,1	3,8	70	8,2	101,6	13,4	9,0
1	20,1	3,8	70	8,2	101,3	13,3	9,0
1	25,0	3,9	70	8,1	101,2	13,3	8,5
1	30,1	3,8	70	8,1	100,9	13,3	
1	32,3	3,8	70	8,0	69,1	9,1	
Meðaltal		3,9	70	8,2	97,8	12,9	8,7
St.sk.		0,03	0,2	0,07	4,12	0,54	0,18
2	0,0	4,5	70	8,4	108,7	14,1	9,0
2	5,0	4,1	70	8,2	102,9	13,4	9,5
2	10,1	4,0	70	8,1	102,2	13,4	11,0
2	15,0	3,9	70	8,1	101,9	13,4	9,5
2	20,2	3,9	70	8,1	101,6	13,4	9,5
2	25,1	3,8	70	8,0	101,2	13,3	9,5
2	30,0	3,8	70	8,0	100,9	13,3	
2	35,1	3,8	70	8,0	100,9	13,3	
2	40,1	3,9	70	8,0	100,8	13,3	
2	42,0	3,9	70	7,9	96,9	12,7	
Meðaltal		4,0	70	8,1	101,8	13,4	9,7
St.sk.		0,06	0,0	0,04	0,92	0,10	0,28
3	0,1	3,8	70	8,6	114,0	15,0	9,2
3	5,1	3,6	71	8,2	102,4	13,6	9,0
3	10,0	3,6	71	8,1	101,8	13,5	8,5
3	15,2	3,6	71	8,1	101,3	13,4	8,5
3	20,0	3,6	71	8,0	101,0	13,4	9,0
3	25,0	3,6	71	8,0	100,8	13,4	9,0
3	30,1	3,6	71	8,0	100,8	13,3	
3	35,3	3,6	71	7,9	100,8	13,3	
3	40,1	3,6	71	7,9	100,7	13,3	
3	44,8	3,6	71	7,9	100,7	13,3	
3	50,2	3,6	71	7,9	100,4	13,3	
Meðaltal		3,6	71	8,0	102,2	13,5	8,9
St.sk.		0,02	0,1	0,06	1,19	0,15	0,12

Tafla 3b. Mælingar framkvæmdar 29. júní 2007 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,1	9,8	68	8,0	127,8	14,5	9,0
1	1,0	9,7	68	7,9	120,6	13,7	9,5
1	5,0	8,6	68	8,0	118,8	13,9	10,0
1	10,0	7,9	68	8,0	117,7	14,0	10,5
1	14,9	7,6	68	8,0	117,2	14,0	9,5
1	25,0	7,3	68	8,1	116,5	14,0	9,5
1	29,8	7,0	67	8,4	116,0	14,1	
Meðaltal		8,3	68	8,1	119,2	14,0	9,7
St.sk.		0,43	0,1	0,06	1,54	0,09	0,21
2	0,1	9,4	69	8,4	122,7	14,1	8,5
2	1,1	9,3	69	8,1	118,2	13,6	8,0
2	5,1	9,2	69	8,0	117,7	13,6	7,5
2	10,1	8,1	69	8,0	116,8	13,8	7,0
2	15,0	7,9	69	8,1	116,2	13,8	7,5
2	20,0	7,5	69	8,1	115,7	13,9	7,5
2	25,0	6,9	68	8,1	114,5	13,9	
2	30,1	6,7	69	8,0	112,4	13,8	
2	30,2	6,7	69	8,0	112,2	13,7	
2	35,3	6,6	69	8,0	112,1	13,7	
2	40,0	6,4	69	7,9	111,1	13,7	
2	45,2	6,1	69	7,8	109,8	13,6	
2	49,4	6,0	70	7,8	108,9	13,6	
Meðaltal		7,4	69	8,0	114,5	13,7	7,7
St.sk.		0,34	0,1	0,04	1,08	0,04	0,21
3	0,1	9,9	70	8,1	120,7	13,7	8,5
3	1,0	9,8	70	8,0	117,7	13,3	8,0
3	4,9	9,8	70	8,0	117,4	13,3	8,5
3	10,1	9,6	70	8,0	117,3	13,4	9,0
3	15,2	8,3	69	8,0	116,2	13,7	9,0
3	20,7	8,1	70	8,0	116,2	13,7	9,0
3	25,2	7,9	70	8,0	116,2	13,8	
3	30,4	7,6	70	8,0	115,7	13,8	
3	34,9	7,0	70	8,0	115,1	14,0	
3	36,8	6,9	70	8,0	114,7	14,0	
Meðaltal		8,5	70	8,0	116,7	13,7	8,7
St.sk.		0,37	0,1	0,01	0,54	0,08	0,17


Tafla 3c. Mælingar framkvæmdar 28. ágúst 2007 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,6	10,6	76	7,8	129,6	14,4	10,0
1	0,9	10,6	76	7,9	129,2	14,4	12,0
1	5,0	10,4	76	7,9	128,4	14,4	11,0
1	10,0	10,3	76	8,0	128,0	14,3	10,5
1	15,1	10,3	76	8,0	128,0	14,4	11,0
1	20,1	9,9	75	8,1	127,5	14,4	11,0
1	25,0	8,9	75	8,0	125,4	14,5	
1	30,1	8,6	75	7,9	124,3	14,5	
1	32,2	8,6	75	7,9	123,5	14,4	
Meðaltal		9,8	76	7,9	127,1	14,4	10,9
St.sk.		0,28	0,18	0,0	0,72	0,02	0,27
2	0,6	10,7	76	8,1	128,4	14,3	10,0
2	1,0	10,7	76	8,0	127,9	14,2	10,0
2	1,9	10,7	76	8,0	127,5	14,2	9,0
2	5,1	10,7	76	8,0	127,7	14,2	10,0
2	10,1	10,6	76	8,0	127,6	14,2	9,5
2	14,9	10,6	76	8,0	127,5	14,2	11,0
2	19,9	10,4	76	8,0	127,0	14,2	
2	25,0	9,2	76	8,0	125,3	14,4	
2	30,2	8,6	76	7,9	122,4	14,3	
2	35,3	8,2	76	7,8	120,3	14,2	
2	40,0	8,0	76	7,7	118,6	14,0	
2	44,0	8,0	76	7,8	121,0	14,3	
Meðaltal		9,7	76	8,0	125,1	14,2	9,9
St.sk.		0,34	0,0	0,03	1,02	0,03	0,27
3	0,5	10,7	76	8,2	127,1	14,1	10,0
3	1,0	10,7	76	7,9	126,5	14,1	10,0
3	2,1	10,7	76	7,9	126,9	14,1	9,0
3	5,0	10,7	76	7,9	126,0	14,0	10,0
3	10,1	10,6	76	7,9	126,1	14,0	9,5
3	15,0	10,5	76	7,9	125,6	14,0	11,0
3	20,0	10,5	76	7,9	126,0	14,1	
3	24,8	10,0	77	7,9	124,8	14,1	
3	30,1	9,0	76	7,8	123,1	14,2	
3	35,0	8,5	76	7,8	121,6	14,2	
3	39,9	8,2	76	7,7	121,0	14,3	
3	45,3	7,9	76	7,7	119,3	14,2	
3	50,3	7,7	76	7,6	118,0	14,1	
Meðaltal		9,7	76	7,8	124,0	14,1	9,9
St.sk.		0,34	0,1	0,04	0,85	0,02	0,27

Tafla 3d. Mælingar framkvæmdar 8. október 2007 á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar á Þingvallavatni. Mælt með YSI 650MDS/6600 fjölþáttamæli og Secchi disk. Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25° C. St.sk. er staðalskekkingja (s.e.m.).


Stöð	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
1	0,3	7,5	73	8,4	119,3	14,3	5,0
1	5,0	7,5	70	8,0	130,1	15,6	5,0
1	9,9	7,4	70	8,0	130,8	15,7	5,5
1	15,1	7,4	70	7,9	131,6	15,8	6,5
1	20,1	7,2	72	8,4	131,9	15,9	6,0
1	25,0	7,0	71	8,4	132,1	16,0	6,0
1	28,0	6,9	71	8,4	131,9	16,0	
Meðaltal		7,3	71	8,2	129,7	15,6	5,7
St.sk.		0,09	0,4	0,09	1,75	0,23	0,25
2	0,2	7,8	73	8,0	131,1	15,6	5,5
2	5,0	7,7	73	8,0	129,7	15,5	6,0
2	10,0	7,7	73	7,9	130,1	15,5	6,0
2	15,1	7,7	73	7,9	129,9	15,5	6,5
2	20,2	7,7	73	7,9	130,4	15,6	6,5
2	25,2	7,7	73	7,8	130,7	15,6	6,5
2	30,0	7,7	73	7,8	130,8	15,6	
2	35,0	7,7	73	7,8	130,8	15,6	
2	40,1	7,7	73	7,8	131,1	15,6	
2	45,0	7,7	73	7,8	131,3	15,7	
2	46,2	7,7	73	7,7	84,2	10,1	
Meðaltal		7,7	73	7,9	126,4	15,1	6,2
St.sk.		0,01	0,00	0,02	4,22	0,50	0,17
3	0,2	7,9	71	7,9	146,7	17,4	6,0
3	5,0	7,9	74	7,8	143,0	17,0	5,0
3	10,1	7,9	74	7,8	142,3	16,9	5,5
3	15,1	7,9	74	7,7	141,7	16,8	6,5
3	20,1	7,9	74	7,7	141,4	16,8	5,5
3	25,0	7,9	74	7,7	140,7	16,7	5,5
3	30,2	7,9	74	7,7	140,3	16,7	
3	34,9	7,9	74	7,7	140,1	16,7	
3	40,1	7,9	74	7,7	139,9	16,6	
3	45,1	7,9	74	7,7	139,9	16,6	
3	50,1	7,9	74	7,7	139,4	16,6	
3	53,4	7,9	74	7,7	139,6	16,6	
Meðaltal		7,9	74	7,7	141,3	16,8	5,7
St.sk.		0,00	0,3	0,02	0,59	0,07	0,21

Rýni mældist 5,0–12,0 m á öllu tímabilinu og að meðaltali 8,5 m ($\pm 0,21$, $n = 72$) og var það áþekkt á öllum þremur stöðvunum (töflur 3a–d, mynd 3). Mest var rýnið í ágúst (10,3 $\pm 0,19$ m) en langminnst í október (5,8 $\pm 0,13$ m) og var mjög marktækur munur í rýni milli mældaganna fjögurra ($F_{3,68} = 112,75$, $r = 0,91$, $p < 0,001$).



Mynd 3. Rýni (skyggni, m) í Þingvallavatni 14. maí, 29. júní, 28. ágúst og 8. október 2007. Hver súla sýnir meðaltal (\pm staðalskekkju) reiknað út fyrir stöðvarnar þrjár á sérhverjum mældegi.

Rýni í maí 2007 (9,1 $\pm 0,15$ m) var marktækt meira en í maí á árabilinu 1974–79 og 1981–82 (6,9 $\pm 0,94$ m, $t = -4,03$, $ft. = 20$, $p < 0,001$, mynd 4). Hins vegar var rýni í ágúst og október 2007 marktækt minna en í ágúst á fyrrnefndu árabili (12,9 $\pm 0,57$ m, $t = 5,90$, $ft. = 22$, $p < 0,001$) og október (9,6 $\pm 0,47$ m, $t = 10,52$, $ft. = 19$, $p < 0,001$). Á framangreindu árabili mældist rýni alls á bilinu 5,2 m til 15,0 m. Gögn frá fyrri tíð eru fengin frá Pétri M. Jónassyni o.fl. (1992).



Mynd 4. Rýni (skyggni, m) í Þingvallavatni annars vegar á árunum 1974–79 og 1981–82 (ófylltar súlur) og árið 2007 (svartar súlur). Hver súla sýnir meðaltal (\pm staðalskekkju). Gögn frá fyrri tíð eru fengin frá Pétri M. Jónassyni o.fl. (1992).

Styrkur fosfórs (Tot-P), fosfats (PO₄-P), köfnunarefnis (Tot-N) og lífræns kolefnis (TOC) á stöð 2 var almennt lágur (tafla 4a) og var undir viðmiðunarmörkum fyrir umhverfismarkaflokk I samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Þingvallavatn fellur því í ástandsflokk A sem ósnortið vatn m.t.t. þessara efna eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Hér ber þó að hafa í huga að efnin voru aðeins mæld í eitt skipti.

Styrksgildi fosfats (PO₄-P) og nitrats (NO₃-N) árið 2007 reyndust á mjög svipuðu róli og mældist í vatninu¹ í mars, maí, júlí, ágúst og september árið 1975 (Jón Ólafsson 1992). Klór (Cl) mældist hins vegar mun meiri árið 2007 en 1975, eða nær tvöfalt hærri. Ekki liggja fyrir eldri mælingar úti í Þingvallavatni á öðrum efnum sem tilgreind eru í töflum 4a og b. Hins vegar voru gerðar efnamælingar á írennslisvatni á nokkrum stöðum á árinu 1975, þ. á m. í Vellankötlu í Vatnsvíkinu (Jón Ólafsson 1992). Samanburður á sulfati (SO₄), kalsíum (Ca), kalíum (K), magnesíum (Mg) og natríum (Na) leiðir í ljós að styrkur þessara efna var mjög svipaður á árunum 1975 og 2007.

Tafla 4a. Niðurstöður efnamælinga (næringarefni o.fl.) á vatnssýnum sem tekin voru 28. ágúst 2007 á stöð 2 í Þingvallavatni.

Dags.	Stöð	Dýpi (m)	Rafleiðni	Basavirkni	Grugg 860	Tot-P	PO ₄ -P	Tot-N	NH ₄ -N	NO ₃ -N	TOC
			µS/cm A 2	mmol/l C 1	FNU A 4-2	µg/l P D 2-1	µg/l P D 1-1	µg/l N D 6-1	µg/l N C 4-3	µg/l N C 4-3	mg/l C G 4-2
28.8.2007	2	1	80	0,261	0,50	12	9	41	<2	<1	0,29
28.8.2007	2	5	130		0,47	11	8	39	<2	<1	0,25
28.8.2007	2	25	93		0,55	11	8	33	<2	<1	0,20
Meðaltal			101		0,51	11	8	38	<2	<1	0,25
Staðalskekkja			25,9		0,023	0,3	0,3	2,4			0,045
Geometrískt meðaltal			99		0,51	11	8	38	<2	<1	0,24
Fjöldi sýna/mælinga (n)			3	1	3	3	3	3			3

Tafla 4b. Niðurstöður efnamælinga (málmar o.fl.) á vatnssýnum sem tekin voru 28. ágúst 2007 á stöð 2 í Þingvallavatni.

Dags.	Stöð	Dýpi (m)	Cl	SO ₄	F	Al/R	Al/II	Al/ICP	Ca	Fe/ICP	K	Mg	Na
